



Rangárþing eystra

FUNDARGERÐ

77. fundur Stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
haldinn í slökkvistöðinni á Hellu, föstudaginn 13. október 2023 og hófst hann kl.
08:30.

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson, Eggert Valur Guðmundsson, Þráinn Ingólfsson, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Valtýr Valtýsson, Leifur Bjarki Björnsson og Jón Guðmundur Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Anton Kári Halldórsson, Formaður.

Dagskrá:

1. Brunavarnir Rang; Rekstraryfirlit jan-okt 2023 - 2310035

Margrét Jóna Ísólfsdóttir fer yfir rekstraryfirlit Brunavarna Rangárvallasýslu janúar til október 2023. Rekstur er í góðu jafnvægi og á áætlun.

2. Brunavarnir Rang; Fjárhagsáætlun 2024 - 2310034

Stjórn fer yfir drög að fjárhagsáætlun Brunavarna Rangárvallasýslu fyrir árið 2024. Endanleg tillaga að fjárhagsáætlun verður lögð fyrir næsta fund stjórnar í samræmi við umræður á fundinum.

3. Gjaldskrá Brunavarna Rangárvallasýslu - 2303070

Drög að nýrri gjaldskrá lögð fyrir stjórn. Stjórn samþykkir gjaldskrá með fyrirvara um staðfestingu aðildasveitarfélaga.

4. Brunavarnir Rang; Tækjabúnaður v. elds í rafmagnsbílum - 2310041

Umræður fóru fram um tækjabúnað slökkviliðs til að fást við eld í rafmagnsbílum. Gert verður ráð fyrir slíkum búnaði við kaup á nýjum slökkvibíl.

5. Brunavarnir Rang; Kostnaðaráætlun vegna nýs dælubíls - 2310040

Slökkviliðsstjóri fer yfir kröfulýsingu vegna hugsanlegra kaupa og útboðs á nýjum slökkvibíl. Stjórn samþykkir kröfulýsingu og felur slökkviliðsstjóra að vinna málið áfram.

6. Brunavarnir Rang; Ástand húsnæðis - 2310039

Slökkviliðsstjóri fer yfir ástand húseigna. Borið hefur á göllum á frágangi í nýrri byggingu slökkviliðs á Hellu. Slökkviliðsstjóra falið að vinna málið áfram.

7. Brunavarnir Rang; Íþróttastyrkir til starfsmanna - 2310038

Starfsmenn brunavarna hafa nú þegar gjaldfrjálsan aðgang að íþróttamannvirkjum sveitarfélaganna. Slökkviliðsstjóra falið að kanna með frekari útfærslur á aðgengi slökkviliðsmanna til heilsuræktar.

8. Brunavarnir Rang; Slökkvitækjaþjónusta - 2310037

Lagt fram til kynningar.

9. Brunavarnir Rang; Samningur við Landsvirkjun - 2310036

Stjórn fer yfir drög að samstarfssamningi við Landsvirkjun. Sveitarstjóra Rangárbings ytra falið að boða fulltrúa Landsvirkjunar til fundar við stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu, með það að markmiði að ganga formlega frá samkomulagi milli aðila.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:07

Anton Kári Halldórsson

Eggert Valur Guðmundsson

Þráinn Ingólfsson

Margrét Jóna Ísólfsdóttir

Valtýr Valtýsson

Leifur Bjarki Björnsson

Jón Guðmundur Valgeirsson